

## Stjórnarfundur EBAK 26. sept. 2017

### Fundargerð 5

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Garðar Lárusson og Kolbrún Kristjánsdóttir varamaður.

Fjarverandi voru Egill Jónsson, Halldóra Höskuldsdóttir og Jón Aðalsteinn Baldvinsson.

1. Formaður setti fund.
2. Fundargerð stjórnar frá 3. fundi yfirfarin og afgreidd en afgreiðslu á fundargerð 4. fundar var frestað. Halldór Gunnarsson sendir leiðréttingu á henni til Margrétar.
3. Dagbókarfærslur stjórnarmanna í viðveru skoðaðar. Aðeins rætt um hvort breyta megi eða stytta viðveruna þar sem mjög fáir koma núorðið. Engin ákvörðun tekin þar um enda búið að auglýsa þennan viðverutíma en ákveðið að ræða það á næsta stjórnarfundum.
4. Viðvera á skrifstofu verður þannig: 27. sept. Haukur, 4. okt. Halldór og Garðar, 11. okt. Jón Aðalsteinn, 18. okt. Halldóra, 25. okt. Dóra og 1. nóv. Hallgrímur. Geti stjórnarmenn ekki sinnt þessu biðjum við þá að láta okkur vita og fá skipti.
5. Fundargerð aðalfundar frá 27. mars sl. er enn í vinnslu Margrétar og Dóru, ritaranna á fundinum. Rætt um hvort breyta megi vinnslunni og nota skýrslur formanna nefnda beint í stað þess að lögð er mikil vinna í að reyna að stytta efnið sem mest. Engin ákvörðun tekin en ákveðið að ræða það frekar þegar að næstu fundargerð kemur.
6. Akureyrarbær (samfélagssvið) óskar eftir skýrslu um stafsemi og rekstur félagsins á árinu 2016 áður en fjárstyrkur frá bænum verður greiddur til EBAK. Þetta kemur fram í samningi milli Akureyrarbæjar og EBAK. sem tók gildi 1. janúar 2016 og gildir til ársloka 2017. Halldór tók að sér að vinna að skýrslugerðinni.
7. Stundaskrár félagsmiðstöðvanna í B og V á haustönn voru ræddar. Stundaskrárnar þarf að leiðrétta lítillaga. Netmiðlamönnum EBAK (Garði og Hallgrími) var falið að skoða og lagfæra skrárnar og senda breytingarnar til annarra stjórnarmanna til skoðunar og athugasemda. Rætt var um að auglýsa þyrfti stundaskrárnar í Dagskránni þegar þetta er klárt. Halldór lagði til að óskað yrði eftir þátttöku Akureyrarbæjar í kostnaði vegna þessa.
8. Á fundi fólksins sem haldinn var á Akureyri í sept. sl. var Valgerður Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur með framsögu á föstudeginum um heilsueflingu og Haukur Halldórsson á laugardeginum.
9. Haukur upplýsti okkur um málefni LEB og jafnframt að hann hefði tekið að sér að vera fulltrúi stjórnar í millipinganefnd sem vinnur að tillögum um breytingar á lögum LEB.
10. Fundahöld:
  - a) Framkvæmdaráðsfundur stjórnar EBAK er fyrirhugaður kl. 10. þann 24. okt. nk.
  - b) Fundur framkvæmdaráðs með Ölfu Aradóttur og Bergljótu Jónasdóttur hjá Akureyrarbæ er fyrirhugaður kl. 10 þann 31. okt. nk. Fundarefni nýr samningur um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu 1.
  - c) Næsti stjórnarfundur 1. nóv. nk. (ath. miðvikudagur) kl. 10 -12.
11. Fréttir frá sumarstarfi nefnda hafa ekki borist en skoða á það á næsta stjórnarfundum.
12. Stjórnin samþykkti að EBAK greiði fyrir efni í kaffi í sumaropnun félagsmiðstöðvanna.

13. Ákveðið að tilkynna Bergljótu að Dóra S. Jónasdóttir sé tilnefnd fyrir hönd stjórnar í nefnd að skilgreina hlutverk notendaráðs og gera starfslýsingu fyrir ráðið.
14. Yfirlýsing vegna hugmynda Búfesti hsf. um byggingu íbúða fyrir eldri borgara á Akureyri. Eftirfarandi bókun var rædd og samþykkt samhljóða:

### **Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar**

#### **b/t bæjarstjóra, Eiríks Björns Björgvinssonar**

Á stjórnarfundi Félags eldri borgara á Akureyri (EBAK) 26. september 2017 var eftirfarandi yfirlýsing samþykkt samhljóða.

Félag eldri borgara á Akureyri telur hugmyndir Búfesti hsf húsnæðis-samvinnufélag á Norðurlandi, um byggingu íbúða á Akureyri mjög áhugaverðar, hvað varðar „nýtt framboð“ hagkvæmra íbúða, sem reknar væru án hagnaðarkröfu (Not-For-Profit).

Búfesti hsf hefur boðið EBAK upp á samstarf um að byggðar verði nettar íbúðir sem sérstaklega væru ætlaðar aldurshópnum 60 ára og eldri. Þar væri bæði um að ræða leiguíbúðir með stofnstyrkjum ætlaðar fyrir tekjulága og einnig íbúðir til leigu og með hóflegum búseturétti (5-30% af verðmæti). Einnig mun verða kannað að bjóða upp á eignaríbúðir sem væru stofnaðar með kvöðum varðandi endursölu innan félags og á föstu verði.

Af hálfu Búfesti hsf gæti forgangur eldri borgara að hagkvæmum íbúðum á vegum félagsins bæði verið í blandaðri byggð í almennum íbúðahverfum eða í sérhæfðum íbúðakjörnum í tengslum við þjónustumiðstöðvar fyrir eldri borgara.

Stjórn EBAK lýsir áhuga á að eiga samstarf við Búfesti hsf og Akureyrarbæ um nánari undirbúning og útfærslu á ofangreindum hugmyndum. Við hvetjum bæjarstjórn til að vinna markvisst að því að hugmyndir Búfesti hsf verði að veruleika til hagsbóta fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu.

Engin fjárskuldbinding eða kostnaður af hálfu félagsins felst í þessari yfirlýsingu.

Akureyri 26. september 2017

f.h. Félags eldri borgara á Akureyri

---

Formaður

Afrit: Búfesti hsf – Benedikt Sigurðarsson

15. Heimasíða/facebook EBAK – umsjón. Hallór Gunnarsson og Anna G Thorarensen hafa undanfarin ár haft umsjón með heimasíðu EBAK sem stofnuð var í janúar 2014. Hallgrímur Gíslason kom til starfa með Halldóri og Önnu í apríl 2016. Halldór og Anna óska nú eftir að hætta störfum sem umsjónarmenn heimasíðu/facebook EBAK. Hallgrímur heldur áfram og með honum starfar Garðar Lárusson. Hallgrímur kynnti á fundinum breytingar á starfslýsingu umsjónarmanna heimasíðu/facebook EBAK. sem nú heitir „umsjónarmenn netmiðla. Þá þakkar stjórn EBAK þeim Halldóri og Önnu fyrir mikilvægt starf þeirra í þágu félagsins hvað heimasíðuna varðar. Jafnframt er Garðar boðinn velkominn til starfa við hlið Hallgríms.

16. Önnur mál:

- a) Tillaga að tilnefningu í golfnefnd EBAK lá fyrir fundinum sem er eftirfarandi: Hlynur Jónasson formaður, Sólveig Gunnarsdóttir og Ingi Þór Jóhannsson. Að eigin ósk létu af störfum í golfnefnd EBAK þau Sigurður Hermannsson formaður og Dóra S Jónasdóttir. Tillagan samþykkt. Þeim Sigurði og Dóru voru þökkuð góð störf og nýir nefndarmenn boðnir velkomnir.
- b) Fræðslunefnd EBAK óskar eftir styrk að upphæð kr. 25. þús. vegna ráðstefnu sem félagið og Háskólinn á Akureyri standa að 15. mars 2018. Styrkbeiðnin samþykkt. Þá óskar fræðslunefnd eftir að stjórn EBAK tilnefni fulltrúa úr stjórn til setu í ráðstefnunefndinni. Tilnefningu frestað til næsta fundar.
- c) Skoða þarf kjör félagsins hjá Ásprent varðandi auglýsingar, hugsanlega einnig hjá N-4.
- d) Fögnum auglýsingu Akureyrarbæjar um upplýsingagjöf (ókeypis ) til aldraðra og aðstandenda þeirra sem veitt verður 2x í mánuði í Bugðusíðu og Víðilundi á komandi vetri.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Dóra Steinunn